



Forsætisnefnd
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2016

Tillaga um breytingu á lögreglusamþykkt er varðar úrsérgengin bílhræ innan lóðarmarka.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 6. júlí 2016 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Halldórs Halldórssonar og Hildar Sverrisdóttur, lögð fram í umhverfis- og skipulagsráði þann 6. júlí sl., um hvatningu til breytinga á lögreglusamþykkt er varðar úrsérgengin bílhræ innan lóðarmarka einkalóða svo íbúar Reykjavíkur þurfi ekki að búa við að nágrannar þeirra noti garða sína sem nokkurs konar kirkjugarða fyrir úrsérgengin bílhræ öllu umhverfinu til ama. Lagt er til að lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 verði breytt í samræmi við reglugerð um lögreglusamþykkt nr. 1127/2007 þar sem segir að:

„Heimilt er að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélags ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.“

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu á fundinum og vísaði henni til meðferðar hjá skrifstofu sviðsstjóra.

Skrifstofa sviðsstjóra leggur til við forsætisnefnd að breyta lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 verði breytt í samræmi við reglugerð um lögreglusamþykkt nr. 1127/2007. Lagt er til að í III. kafla lögreglusamþykktarinnar bættist við 5. mgr. við 19. gr. sem hljóðar svo: „Heimilt er að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélags ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almannafæri, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.“

Erna Hrönn Geirsdóttir
lögfræðingur umhverfis- og skipulagssviðs.